

Nýtt verkefni Reikistjörnurnar

Í byrjun apríl lauk ég við að vinna verkefni um reikistjörnurnar með bekknum mínum, 6. bekk D í Kársnesskóla.

Verkefnið var samið í fyrra og unnið með það í þremur bekkjum en nú vann ég með það í fyrsta skipti og fannst það mjög skemmtilegt. Það fannst krökkunum líka.



Verkefnið fjallar um reikistjörnurnar, einkenni, staðsetningu, stærð, möguleika á lífi og margt fleira. Einnig er ímyndunaraflinu sleppt lausu og fjallað um hugsanlega íbúa reikisstjarnanna, heimili þeirra og tungumál.

Eftir umfjöllunina sem fól í sér að búa til reikisstjörnurnar í því sem næst réttum hlutföllum og setja fróðleiksmola um reikisstjörnurnar upp á vegg eins og sést á myndinni var boðað til ráðstefnu sem foreldrum var boðið á. Þar sögðu krakkarnir frá því sem þau höfðu lært og stóðu sig mjög vel. Þau bökuðu líka plánetukökur sem smökkuðust vel. Sem sagt gott verkefni.